Áætlun 163

um 1.—5. ferð landpóstanna 1898.

	Póstleiðir.	Póststöðvar.	1. ferð.	2. ferð.	3. ferð.	4. ferð.	5. ferð.
I. Vestanpóstur.	**A. Milli Reykjavíkur og Hjarðarholts**	*Frá Reykjavík*	4. jan.	30. jan.	23. febr.	20. marz	13. apríl
		— Leirvogstungu	4. —	30. —	23. —	20. —	13. —
		— (Fossá)	4. —	30. —	23. —	20. —	13. —
		— Saurbæ	5. —	31. —	24. —	21. —	14. —
		— Hesti	5. —	31. —	24. —	21. —	14. —
	1. Frá Hjarðarholti	— *Arnarholti*	6. —	1. febr.	25. —	22. —	15. —
		— (Sauðafelli)	6. —	1. —	25. —	22. —	15. —
	(vesturleið).	— Harast. (Skógum)	6. —	1. —	25. —	22. —	15. —
		að Hjarðarholti	8. —	3. —	26. —	24. —	17. —
		Frá Hjarðarholti	10. jan.	5. febr.	28. febr.	26. marz	19. apríl
		— Harast. (Skógum)	10. —	5. —	28. —	26. —	19. —
		— (Sauðafelli)	10. —	5. —	28. —	26. —	19. —
	2 Frá Hjarðarholti	— *Arnarholti*	11. —	6. —	1. marz	27. —	20. —
		— Hesti	11. —	6. —	1. —	27. —	20. —
	(frh. suðurleiðar)	— Saurbæ	12. —	7. —	2. —	28. —	21. —
		— (Fossá)	12. —	7. —	2. —	28. —	21. —
		— Leirvogstungu	12. —	7. —	2. —	28. —	21. —
		í Reykjavík	14. —	9. —	3. —	30. —	23. —
	B. Milli Ísafjarðar og Hjarðarholts.	*Frá Ísafirði*	3. jan.	29. jan.	22. febr.	19. marz	12. apríl
		— (Vigur)	3. —	29. —	22. —	19. —	12. —
		— Ögri	3. —	29. —	22. —	19. —	12. —
		— Vatnsfirði	3. —	29. —	22. —	19. —	12. —
		— Arngerðareyri	4. —	30. —	23. —	20. —	13. —
	1. Frá Ísafirði	— *Bæ*	5. —	31. —	24. —	21. —	14. —
		— Hvoli	6. —	1. febr.	25. —	22. —	15. —
	(suðurleið).	*að Hjarðarholti*	8. —	3. —	26. —	24. —	17. —
		Frá Hjarðarholti	10. jan.	5. febr.	28. febr.	26. marz	19. apríl
		— Hvoli	10. —	5. —	28. —	26. —	19. —
	2. Frá Hjarðarholti	— *Bæ*	11. —	6. —	1. marz	27. —	20. —
		— Arngerðareyri	12. —	7. —	1. —	28. —	21. —
	(frh. vesturleiðar).	— Vatnsfirði	12. —	7. —	2. —	28. —	21. —
		— Ögri	12. —	7. —	2. —	28. —	21. —
		— (Vigur)	12. —	7. —	2. —	28. —	21. —
		á Ísafirði	14. —	9. —	3. —	30. —	23. —
II. Norðanpóstur.	**A. Milli Reykjavíkur og Staðar.**	*Frá Reykjavík*	4. jan.	1. febr.	24. febr.	22. marz	14. apríl
		— Leirvogstungu	4. —	1. —	24. —	22. —	14. —
		— (Fossá)	4. —	1. —	24. —	22. —	14. —
		— Saurbæ	5. —	2. —	25. —	23. —	15. —
		— Hesti	5. —	2. —	25. —	23. —	15. —
	1. Frá Reykjavík	— *Arnarholti*	6. —	3. —	26. —	24. —	16. —
		að Stað	8. —	5. —	28. —	26. —	18. —
	(norðurleið).	*Frá Stað*	10. jan.	7. febr.	2. marz	28. marz	20. apríl
		— *Arnarholti*	11. —	8. —	3. —	29. —	21. —
		— Hesti	11. —	8. —	3. —	29. —	21. —
	2. Frá Stað.	— Saurbæ	12. —	9. —	4. —	30. —	22. —
		— (Fossá)	12. —	9. —	4. —	30. —	22. —
	(frh. suðurleiðar).	— Leirvogstungu	12. —	9. —	4. —	30. —	22. —
		í Reykjavík	14. —	11. —	6. —	1. apríl	24. —

2. dag desembermánaðar 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

Póstleiðir.	Póststöðvar.	1. ferð.	2. ferð.	3. ferð.	4. ferð	5. ferð.
II. Norðanpóstur.						
B. Milli Akureyrar og Staðar.	*Frá Akureyri*	2. jan.	30. jan.	23. febr.	20. marz	12. apríl
	— Möðruvöllum	2. —	30. —	23. —	20. —	12. —
	— Steinsstöðum	3. —	31. —	24. —	21. —	13. —
	— Miklabæ	3. —	31. —	24. —	21. —	13. —
1. Frá Akureyri (suðurleið).	— *Viðimýri*	4. —	1. febr.	25. —	22. —	14. —
	— Bólstaðarhlíð	4. —	1. —	25. —	22. —	14. —
	— Blönduósi	5. —	2. —	26. —	23. —	15. —
	— *Sveinsstöðum*	5. —	2. —	26. —	23. —	15. —
	— Lækjamóti	6. —	3. —	27. —	24. —	16. —
	— Staðarbakka	6. —	3. —	27. —	24. —	16. —
	að Stað	8. —	5. —	28. —	26. —	18. —
	Frá Stað	10. jan.	6. febr.	1. marz	28. marz	19. apríl
	— Staðarbakka	10. —	6. —	1. —	28. —	19. —
	— Lækjamóti	11. —	7. —	2. —	29. —	20. —
	— *Sveinsstöðum*	11. —	7. —	2. —	29. —	20. —
2. Frá Stað (frh. norðurleiðar).	— Blönduósi	12. —	8. —	3. —	30. —	21. —
	— Bólstaðarhlíð	12. —	8. —	3. —	30. —	21. —
	— *Viðimýri*	13. —	9. —	4. —	31. —	22. —
	— Miklabæ	13. —	9. —	4. —	31. —	22. —
	— Steinsstöðum	14. —	10. —	5. —	1. apríl	23. —
	— Möðruvöllum	14. —	10. —	5. —	1. —	23. —
	að Akureyri	16. —	12. —	7. —	3. —	25. —
III. Seyðisfjarðarpóstur.						
A. Milli Akureyrar og Grímsstaða.	*Frá Akureyri*	17. jan.	13. febr.	8. marz	4. apríl	26. apríl
	— Hálsi	17. —	13. —	8. —	4. —	26. —
	— Ljósavatni	17. —	13. —	8. —	4. —	26. —
	— *Grenjaðarstað*	18. —	14. —	9. —	5. —	27. —
1. Frá Akureyri (austurleið).	— Reykjahlíð	19. —	15. —	10. —	6. —	28. —
	að Grímsstöðum	21. —	17. —	12. —	8. —	30. —
	Frá Grímsstöðum	22. jan.	18. febr.	13. marz	9. apríl	1. maí
	— Reykjahlíð	23. —	19. —	14. —	10. —	2. —
2. Frá Grímsstöðum (f h. vesturleiðar).	— *Grenjaðarstað*	24. —	20. —	15. —	11. —	3. —
	— Ljósavatni	24. —	20. —	15. —	11. —	3. —
	— Hálsi	24. —	20. —	15. —	11. —	3. —
	á Akureyri	26. —	22. —	17. —	13. —	4. —
B. Milli Seyðisfjarðar og Grímsstaða.	*Frá Seyðisfirði*	16. jan.	12. febr.	7. marz	3. apríl	25. apríl
	— *Egilsstöðum*	17. —	13. —	8. —	4. —	26. —
	— Bót	17. —	13. —	8. —	4. —	26. —
	— Hofteigi	17. —	13. —	8. —	4. —	26. —
1. Frá Seyðisfirði. (vesturleið).	— Skjöldólfsstöðum	18. —	14. —	9. —	5. —	27. —
	að Grímsstöðum	20. —	16. —	11. —	7. —	29. —
	Frá Grímsstöðum	22. jan.	18. febr.	13. marz	9. apríl	1. maí
	— Skjöldólfsstöðum	23. —	18. —	14. —	10. —	2. —
2. Frá Grímsstöðum (frh. austurleiðar).	— Hofteigi	24. —	20. —	15. —	11. —	3. —
	— Bót	24. —	20. —	15. —	11. —	3. —
	— *Egilsstöðum*	25. —	20. —	16. —	12. —	4. —
	á Seyðisfirði	26. —	22. —	17. —	13. —	5. —
A. Milli Reykjavíkur og Odda.	*Frá Reykjavík*	3. jan.	29. jan.	21. febr.	20. marz	12. apríl
	— Kotströnd	4. —	30. —	22. —	21. —	13. —
	— *Hraungerði*	4. —	30. —	22. —	21. —	13. —
	— Kálfholti	4. —	30. —	22. —	21. —	13. —
1. Frá Reykjavík (austurleið).	— Ási	5. —	31. —	23. —	22. —	14. —
	að Odda	6. —	1. febr.	24. —	23. —	15. —

Suðaustlandspóstur.

IV. Austanpóstur.

V. Eskifjarðarpóstur.

Póstferðir.	Póststöðvar.	1. ferð.	2. ferð.	3. ferð	4. ferð.	5. ferð.
2. Frá Odda (frh. suðurleiðar).	*Frá Odda*	7. jan.	3. febr.	25. febr.	24. marz	16. apríl
	— Ási	7. —	3. —	25. —	24. —	16. —
	— Kálfholti	7. —	3. —	25. —	24. —	16. —
	— *Hraungerði*	8. —	4. —	26. —	25. —	17. —
	— Kotströnd	8. —	4. —	26. —	25. —	17. —
	í Reykjavík	9. —	6. —	28. —	27. —	19. —
B. Milli Kirkjubæjarkl. og Odda. **1. Frá Kirkjubæjarkl.** (frh suðurleiðar).	*Frá Kirkjubæjarkl.*	2. jan.	29. jan.	20. febr.	19. marz	11. apríl
	— (Eystra-Hrauni)	2. —	29. —	20. —	19. —	11. —
	— Rofabæ	2. —	29. —	20. —	19. —	11. —
	— Mýrum	2. —	29. —	20. —	19. —	11. —
	— Vík	3. —	30. —	21. —	20. —	12. —
	— Eyjarhólum	3. —	30. —	21. —	20. —	12. —
	— Holti	4. —	31. —	22. —	21. —	13. —
	— Seljalandi	4. —	31. —	22. —	21. —	13. —
	að Odda	5. —	2. febr.	24. —	23. —	15. —
2. Frá Odda. (frh. austurleiðar).	*Frá Odda*	7. jan.	3. febr.	25. febr.	24. marz	16. apríl
	— Seljalandi	7. —	3. —	25. —	24. —	16. —
	— Holti	7. —	3. —	25. —	24. —	16. —
	— Eyjarhólum	8. —	4. —	26. —	25. —	17. —
	— Vík	8. —	4. —	26. —	25. —	17. —
	— Mýrum	9. —	5. —	27. —	26. —	18. —
	— Rofabæ	9. —	5. —	27. —	26. —	18. —
	— (Eystra-Hrauni)	9. —	5. —	27. —	26. —	18. —
	að Kirkjubæjarkl.	11. —	7. —	1. marz	28. —	20. —
A. Milli Kirkjubæjarkl. og Borga. **1 Frá Kirkjubæjarkl.** (frh. austurleiðar).	*Frá Kirkjubæjarkl.*	13. jan.	9. febr.	3. marz	31. marz	22. apríl
	— Fagurhólsmýri	14. —	10. —	4. —	1. apríl	23. —
	— Kálfafellsstað	15. —	11. —	5. —	2. —	24. —
	— Hólmi	15. —	11. —	5. —	2. —	24. —
	að Borgum	17. —	13. —	7. —	4. —	26. —
2. Frá Borgum. (frh suðurleiðar).	*Frá Borgum*	19. jan.	15. febr.	9. marz	6. apríl	28. apríl
	— Hólmi	19. —	15. —	9. —	6. —	28. —
	— Kálfafellsstað	20. —	16. —	10. —	7. —	29. —
	— Fagurhólsmýri	21. —	17. —	11. —	8. —	30. —
	að Kirkjubæjarkl.	23. —	18. —	13. —	10. —	2. maí
B. Milli Eskifjarðar og Borga. **1 Frá Eskifirði** (suðurleið).	*Frá Eskifirði*	12. jan.	7. febr.	2. marz	31. marz	21. apríl
	— *Egilsstöðum*	13. —	8. —	3. —	1. apríl	22. —
	— Arnkelsstöðum	13. —	8. —	3. —	1. —	22. —
	— Höskuldsstöðum	14. —	9. —	4. —	2. —	23. —
	— *Djúpavogi*	15. —	10. —	5. —	3. —	24. —
	— Starmýri	16. —	11. —	6. —	4. —	25. —
	— Stafafelli	16. —	11. —	6. —	4. —	26. —
	að Borgum	18. —	13. —	8. —	5. —	27. —
2 Frá Borgum (frh. austurleiðar).	*Frá Borgum*	20. jan.	15. febr.	10. marz	7. apríl	29. apríl
	— Stafafelli	21. —	16. —	11. —	8. —	29. —
	— Starmýri	21. —	16. —	11. —	8. —	30. —
	— *Djúpavogi*	22. —	17. —	12. —	9. —	1. maí
	— Höskuldsstöðum	23. —	18. —	13. —	10. —	2. —
	— Arnkelsstöðum	24. —	19. —	14. —	11. —	3. —
	— *Egilsstöðum*	25. —	20. —	15. —	12. —	4. —
	að Eskifirði	26. —	21. —	16. —	13. —	5. —

Þessir eru aukapóstar:

1. GULLBRINGUSÝSLUPÓSTURINN milli Reykjavíkur og Hvalsness leggur af stað frá Reykjavík eptir komu aðalpóstanna, fer um Hafnarfjörð, Kálfatjörn, Keflavík og Útskála að Hvalsnesi, og snýr þá aptur sömu leið til Reykjavíkur.
2. EYRARBAKKAPÓSTURINN, milli Keflavíkur og Eyrarbakka, leggur af stað frá Keflavík eptir komu Gullbringusýslupóstsins þangað frá Reykjavík, fer um Kirkjuvog, Járngerðarstaði í Grindavík, Ertu í Selvogi og Þorlákshöfn til Eyrarbakka; dvelur þar að minnst kosti 6 klukkutíma og fer þá aptur sömu leið til Keflavíkur.
3. BORGARFJARÐARSÝSLUPÓSTARNIR eru fjórir:
   a. Hinn fyrsti fer frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd eptir komu aðalpóstanna norðan og vestan þangað á suðurleið, um Vogatungu vestan Akrafjalls út á Akranes að Skipaskaga, og fer síðan sömu leið aptur að Saurbæ.
   b. Annar fer frá Skipaskaga á Akranesi sama dag og vestanpósturinn á að leggja af stað frá Reykjavík í 1.—5. og 13.—15. póstferð, vestan Akrafjalls um Vogatungu að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, og eptir að báðir aðalpóstarnir eru þangað komnir frá Reykjavík, snýr hann aptur sömu leið til Skipaskaga.
   c. Hinn þriðji fer frá Hesti eptir komu aðalpóstanna þangað í norðurleið að Lundi í Lundarreykjadal og snýr þaðan þegar aptur að Hesti.
   d. Hinn fjórði fer frá Arnarholti eptir komu aðalpóstanna þangað frá Reykjavík, um Reykholt að Gilsbakka í Hvítársíðu og snýr þaðan aptur beina leið að Arnarholti.
4. MÝRASÝSLUPÓSTURINN fer frá Arnarholti svo fljótt sem unnt er eptir komu aðalpóstanna þangað frá Reykjavík í 6.—12. ferð incl., að Borgarnesi í Borgarhreppi og snýr þaðan þegar aptur að Arnarholti, en í 1.—5. og 12.—15. ferð fer hann um Borgarnes að Straumfirði (Kórunesi) og snýr þaðan þegar aptur sömu leið.
5. STYKKISHÓLMSPÓSTURINN, milli Arnarholts og Stykkishólms, fer frá Arnarholti í hvert skipti þegar eptir komu vestanpóstsins þangað frá Reykjavík, og kemur við á Staðarhrauni og Rauðkollsstöðum; snýr aptur frá Stykkishólmi eptir 12 tíma viðstöðu þar, og fer sömu leið aptur að Arnarholti; kemur þangað áður en annarhvor aðalpóstanna leggur þaðan af stað til Reykjavíkur.
6. ÓLAFSVÍKURPÓSTARNIR. Þegar Stykkishólmspósturinn er kominn frá Arnarholti að Rauðkollstöðum í 1.—5. og 13.—15. póstferð, fer aukapóstur þaðan um Staðastað að Búðum og mætir þar öðrum aukapósti, sem fer þangað frá Ólafsvík sama daginn, sem vestanpóstinum er ætlað að koma að Arnarholti í vesturleið í nefndum póstferðum, um Hjallasand, Saxahvol og Hella. Aukapósturinn frá Rauðkollsstöðum snýr því næst aptur að Rauðkollsstöðum svo tímanlega, að hann nái þar Stykkishólmspóstinum á suðurleið, en hinn snýr aptur sömu leið til Ólafsvíkur. — Í 6.—12. póstferð fer aukapóstur frá Rauðkollsstöðum svo fljótt sem hægt er eptir komu Stykkishólmspóstsins frá Arnarholti um Staðastað og Búðir beina leið til Ólafsvíkur og snýr þaðan strax aptur sömu leið að Rauðkollsstöðum; en senda skal þá frá Búðum, þegar er pósturinn er þangað kominn frá Rauðkollsstöðum, aukapóst fyrir sunnan jökul um Hjallasand, Saxahvol og Hella til Ólafsvíkur, og snýr sá póstur aptur sömu leið að Búðum.
7. FLATEYJARPÓSTURINN fer frá Stykkishólmi til Flateyjar strax eptir komu

beggja aukapóstanna frá Arnarholti og Stað í 1., 2., 3., 4., 13., 14. og 15. ferð, og snýr aptur til Stykkishólms eptir sólarhrings dvöl. **163**

8. SNÆFELLSNESSÝSLUPÓSTURINN fer frá Stykkishólmi eptir komu aukapóstsins frá Stað í Hrútafirði og fer um Grundarfjörð til Ólafsvíkur, og sömu leið aptur eptir 6 tíma dvöl.
9. DALASÝSLUPÓSTARNIR eru þrír:
   a. Hinn fyrsti fer frá Stað í Hrútafirði þegar eptir að norðanpósturinn er kominn þangað frá Akureyri, að Hjarðarholti í Dölum. Eptir komu vestanpóstsins þangað frá Ísafirði heldur hann áfram um Harastaði (Skóga) og Breiðabólstað á Skógarströnd til Stykkishólms, og eptir sólarhringsdvöl þar snýr hann aptur sömu leið að Stað í Hrútafirði.
   b. Annar fer frá Hjarðarholti í Dölum þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík og aukapóstsins frá Stað, fram Fellsströnd um Staðarfell og Skarðsströnd að Skarðstöð, þaðan snýr hann aptur sömu leið að Hjarðarholti í Dölum.
   c. Þriðji fer frá Skarðstöð, svo tímanlega að hann sje kominn að Kleifum í Gilsfirði, áður en vestanpósturinn og aukapósturinn frá Bæ í Króksfirði og Stað í Hrútafirði koma þangað. Eptir komu aukapóstsins frá Bæ snýr hann aptur sömuleið að Skarðstöð.
10. BARÐARSTRANDASYSLUPÓSTARNIR eru fimm:
   a. Hinn fyrsti fer frá Bæ í Króksfirði, þegar eptir að vestanpóstur er þangað kominn frá Hjarðarholti, fer um Gufudal, Vattarnes, Brjánslæk, Botn í Patreksfirði, Geirseyri og Sveinseyri að Bíldudal, og snýr aptur sömu leið að Bæ.
   b. Annar fer frá Sveinseyri í Tálknafirði, þegar eptir að aukapósturinn frá Bæ er þangað kominn á vesturleið, að Selárdal í Dalahreppi og snýr jafnskjótt aptur að Sveinseyri, og nær þar fyrsta aukapósti á leiðinni frá Bíldudal, sem þó eigi má bíða hans svo, að hætt geti orðið við að hann nái ekki aðalpóstinum á suðurleið í Bæ.
   c. Hinn þriðji fer frá Geirseyri í Patreksfirði eptir komu fyrsta aukapósts þangað frá Bæ að Sauðlauksdal, og snýr þegar aptur til Geirseyrar.
   d. Hinn fjórði fer frá Flatey í hvert skipti eptir komu Flateyjarpóstsins þangað frá Stykkishólmi, að Brjánslæk, og snýr aptur þaðan til Flateyjar.
   e. Hinn fimmti fer frá Bæ í Króksfirði eptir komu vestanpóstsins þangað frá Ísafirði, um Kleifar í Gilsfirði að Stað í Hrútafirði. Eptir komu norðanpóstsins frá Akureyri að Stað fer hann þaðan aptur sömu leið að Bæ, og sje kominn þangað áður en vestanpósturinn fer þaðan áleiðis til Ísafjarðar.
11. ÍSAFJARÐARSÝSLUPÓSTARNIR eru átta:
   a. Hinn fyrsti fer frá Ísafirði þegar eptir koma vestanpóstsins þangað að sunnan, um Veðrará og Holt í Önundarfirði, Gemlufell og Þingeyri að Rafnseyri; bíður þar eptir póstinum frá Bíldudal og fer svo aptur sömu leið til Ísafjarðar.

      Frá Veðraráer í hverri ferð til Rafnseyrar sendur póstur til Flateyrar í Önundarfirði og frá Gemlufelli til Mýra í Dýrafirði.
   b. Annar fer frá Rafnseyri þegar eptir komu aukapóstsins þangað frá Ísafirði

163 til Bíldudals, og snýr aptur þaðan svo fljótt sem unnt er, til Rafnseyrar samkv. augl. landshöfðingja 26. ágúst 1892 (Stjórnartíð. 1892 B. bls. 168).

c. Þriðji fer frá Ísafirði þegar eptir komu vestanpóstsins þangað, að Botni í Súgandafirði og snýr þaðan aptur á Ísafjörð eptir eyktardvöl.

d. Fjórði fer frá Ísafirði þegar eptir komu vestanpóstsins þangað um Hnífsdal að Hóli í Bolungarvík og snýr þaðan eptir eyktardvöl aptur sömu leið til Ísafjarðar.

e. Fimmti fer frá Ísafirði þegar eptir komu vestanpóstsins þangað um Arnardal að Tröð í Álptafirði, stendur þar við í 4 klukkustundir og fer síðan sömu leið aptur til Ísafjarðar.

f. Sjötti fer frá Ísafirði þegar eptir komu vestanpóstsins þangað sjóveg um Snæfjöll, Stað í Grunnavík að Hesteyri og ef nægur tími er til, að Stað í Aðalvík og síðan sömu leið aptur til Ísafjarðar.

g. Sjöundi fer frá Hesteyri, daginn eptir komu aukapóstsins þangað frá Ísafirði í 4. og 5. ferð, að Höfn á Hornströndum, og snýr þaðan, eptir eyktardvöl, aptur til Hesteyrar.

h. Áttundi fer frá Arngerðareyri daginn eptir komu vestanpóstsins þangað að sunnan að Melgraseyri og snýr svo aptur sömu leið að Arngerðareyri.

12. STRANDASÝSLUPÓSTARNIR eru þrír.

a. Hinn fyrsti fer frá Stað í Hrútafirði daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá Reykjavík, fer um Borðeyri, Bæ, Prestsbakka, Óspakseyri, Stórafjarðarhorn í Kollafirði, Kirkjuból í Tungusveit, Kálfanes og Hrófberg í Steingrímsfirði um Stað í Bjarnarfirði og Kúvíkur við Reykjarfjörð að Árnesi í Trjekyllisvík, og snýr þaðan sömu leið að Stað í Hrútafirði.

b. Annar fer frá Bæ í Króksfirði, eptir komu aðalpóstsins frá Ísafirði, um Tröllatungu að Kirkjubóli í Tungusveit, og þaðan aptur sömu leið að Bæ.

c. Hinn þriðji fer frá Stórafjarðarhorni svo tímanlega, að hann sje kominn að Kleifum í Gilsfirði fyrir komu vestanpóstsins þangað frá Ísafirði, en eptir að vestanpóstur er kominn, snýr hann aptur sömu leið að Stórafjarðarhorni.

13. HÚNAVATNSSÝSLUPÓSTARNIR eru fjórir:

a. Hinn fyrsti fer frá Sveinsstöðum daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá Stað um Vesturhópsbóla að Tjörn á Vatnsnesi og snýr aptur þaðan sömu leið að Sveinsstöðum.

b. Annar fer frá Sveinsstöðum eptir komu aðalpóstsins þangað að sunnan, að Ási í Vatnsdal, og snýr þaðan aptur að Sveinsstöðum.

c. Hinn þriðji fer frá Sveinsstöðum, eptir komu aðalpóstsins að sunnan um Reyki á Reykjabraut og Auðkúlu í Svínadal að Guðlaugsstöðum í Blöndudal og þaðan aptur sömu leið að Sveinsstöðum.

d. Hinn fjórði fer frá Blönduósi eptir komu aðalpóstsins þangað frá Sveinsstöðum um Ytri-Ey til Skagastrandar-verzlunarstaðar, og eptir sólahringsdvöl þar fer hann aptur að Blönduósi.

14. SKAGAFJARÐARSÝSLUPÓSTARNIR eru fjórir:

a. Hinn fyrsti fer frá Víðimýri eptir komu norðanpóstsins þangað frá Stað, um Mælifell að Goðdölum og sömu leið aptur að Víðimýri.

b. Annar fer frá Víðimýri daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá Stað, um Sauðárkrók, Garð í Hegranesi, Lón, Hofsós, Haganes og Hraun til Siglufjarðar, og snýr aptur sömu leið eptir sólarhringsdvöl þar. 163

c. Hinn þriðji fer frá Sauðárkróki eptir komu Siglufjarðarpóstsins frá Víðimýri að Hvammi í Laxárdal, og snýr aptur til Sauðárkróks.

d. Hinn fjórði fer frá Lóni eptir komu Siglufjarðarpóstsins þangað frá Víðimýri, um Viðvík að Hólum í Hjaltadal, og snýr þaðan aptur að Lóni.

15. EYJAFJARÐARSÝSLUPÓSTARNIR eru þrír, og fara allir frá Akureyri daginn eptir komu norðanpósts þangað frá Stað:

a. Hinn fyrsti fer um Tjörn í Svarfaðardal og Reyki í Ólafsfirði að Hraunum í Fljótum og snýr aptur þaðan eptir komu aukapóstsins frá Siglufirði sömu leið á Akureyri.

b. Annar fer um Hrafnagil að Saurbæ í Eyjafirði og sömu leið aptur á Akureyri.

c. Hinn þriðji fer um Grenivík í Höfðahverfi að Þönglabakka og sömu leið aptur á Akureyri.

16. ÞINGEYJARSÝSLUPÓSTARNIR eru fimm:

a. Hinn fyrsti fer frá Ljósavatni eptir komu Seyðisfjarðarpóstsins þangað frá Akureyri að Halldórsstöðum í Bárðardal, og snýr þaðan aptur að Ljósavatni.

b. Annar fer frá Grenjaðarstað eptir komu aðalpóstsins frá Akureyri um Laxárdal að Skútustöðum og þaðan aptur um Reykjardal að Grenjaðarstað.

c. Hinn þriðji fer frá Grenjaðarstað, þegar er Seyðisfjarðarpósturinn er þangað kominn frá Akureyri, um Húsavík og Víkingavatn að Skinnastöðum og snýr aptur sömu leið að Grenjaðarstað, og skal hann ná þar Seyðisfjarðarpóstinum á leið til Akureyrar.

d. Hinn fjórði fer frá Vopnafirði sama dag og Seyðisfjarðarpósturinn á að fara frá Akureyri, um Skeggjastaði, Sauðanes, Svalbarð og þaðan beint að Skinnastöðum; mætir þar hinum þriðja aukapósti (frá Grenjaðarstað) og snýr þá aptur sömu leið til Vopnafjarðar.

e. Hinn fimmti fer frá Raufarhöfn um Grjótnes og Presthóla að Skinnastöðum svo tímanlega að hann verði þangað kominn fyrir komu aukapóstsins frá Grenjaðarstað og Vopnafirði. og snýr aptur til Raufarhafnar þegar eptir komu umgetinna aukapósta að Skinnastað.

17. MÚLASYSLUPÓSTARNIR eru átta:

a. Hinn fyrsti fer frá Seyðisfirði svo tímanlega að hann sje kominn að Egilsstöðum áður en Eskifjarðarpósturinn kemur þangað frá Eskifirði og fer þaðan aptur sömu leið til Seyðisfjarðar.

b. Annar fer milli Seyðisfjarðar og Vopnafjarðar. Hann fer frá Seyðisfirði svo tímanlega, að hann sje kominn að Egilsstöðum áður en aðalpóstarnir koma þangað á austurleið. En þegar báðir aðalpóstarnir eru þangað komnir, heldur aukapósturinn áfram um Hjaltastað, Kirkjubæ í Hróarstungu Sleðbrjót í Jökulsárhlíð og Torfastaði á Vopnafjörð, og snýr aptur þaðan eptir sólarhringsdvöl sömu leið á Seyðisfjörð.

c. Hinn þriðji fer frá Seyðisfirði, eptir komu aðalpóstsins þangað frá Akureyri

163 um Stakkahlíð að Bakkagerði í Borgarfirði og sömu leið aptur til Seyðisfjarðar.

d. Hinn fjórði fer sömuleiðis frá Seyðisfirði þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Akureyri, að Brekku í Mjóafirði, og snýr þaðan aptur til Seyðisfjarðar.

e. Hinn fimmti fer frá Egilsstöðum þegar eptir komu aðalpóstanna á austurleið, yfir Lagarfljót um Ási Fellum að Valþjófsstað, og sömu leið að Egilsstöðum.

f. Hinn sjötti fer frá Skjöldólfsstöðum þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Akureyri, að Brú í Jökuldal og sömu leið aptur að Skjöldólfsstöðum.

g. Hinn sjöundi fer frá Eskifirði þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Bjarnanesi um Búðareyri við Reyðarfjörð og Búðir í Fáskrúðsfirði að Stöð í Stöðvarfirði, og sömuleiðis aptur á Eskifjörð.

h. Hinn áttundi fer sömuleiðis frá Eskifirði þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Bjarnanesi, að Skorrastað í Norðfirði, og snýr þaðan aptur á Eskifjörð.

18. SKAPTAFELLSSÝSLUPÓSTURINN fer frá Kirkjubæjarklaustri þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Odda, um Borgarfell í Skaptártungu að Mýrum í Álptaveri og snýr þaðan aptur sömu leið að Kirkjubæjarklaustri.

19. VESTMANNAEYJAPÓSTURINN fer frá Odda að Ljótarstöðum daginn eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, og snýr þegar aptur að Odda. Þegar pósttaskan kemur frá Vestmannaeyjum að Ljótarstöðum, skal henni komið svo snemma að Odda, að hún komist á aðalpóstinn á leið hans til Reykjavíkur.

20. RANGÁRVALLASÝSLUPÓSTARNIR eru þrír:

a. Hinn fyrsti fer frá Ási í Holtum, þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík, að Fellsmúla á Landi, og snýr þaðan aptur að Ási.

b. Annar fer sömuleiðis frá Ási í Holtum jafnsnemma hinum síðastnefnda, um Háf í Háfshverfi og Hábæ í Þykkvabæ að Grímsstöðum í Vestur-Landeyjum og snýr aptur sömu leið að Ási.

c. Hinn þriðji fer frá Odda, þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík, um Stórólfshvol að Teigi í Fljótshlíð, og þaðan aptur sömu leið að Odda.

21. ÁRNESSÝSLUPÓSTARNIR eru fjórir:

a. Hinn fyrsti fer frá Kotströnd í Ölfusi þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík að Úlfljótsvatni í Grafningi og snýr þaðan aptur að Kotströnd.

b. Annar fer frá Hraungerði sem fyrst eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um Arnarbæli í Grímsnesi og Mosfell að Torfastöðum í Biskupstungum, og þaðan aptur sömu leið að Hraungerði.

c. Hinn þriðji fer sömuleiðis frá Hraungerði, sem fyrst eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um Ólafsvelli og Reyki á Skeiðum að Stóranúpi og þaðan aptur sömu leið að Hraungerði.

d. Hinn fjórði fer og frá Hraungerði, sem fyrst eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, ofan á Eyrarbakka, og snýr þaðan aptur daginn eptir að Hraungerði.

Reykjavík 29. nóv. 1897.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.